

Minnisblað – íþróttá- og tómstundamáli

Óþarfi er að taka frá pláss í stuttum texta til að skilgreina mikilvægi málaflokksins, enda ætti öllum að vera ljóst forvarna- og lýðheilsugildi skipulagðs og faglegs íþróttá- og tómstundastarfs fyrir allan aldur. Málaflokkurinn ætti að hafa skýra sviðsstjórn, hann má ekki tynast á milli annarra stórra deilda og sviða. Starfsfólk í hverjum kjarna ætti að bera ábyrgð á málaflokknum, hafa skýr markmið og starfslýsingar.

Núverandi staða málaflokksins þykir ágæt í sveitarfélögunum, en málaflokkurinn heyrir undir mismunandi nefndir í sveitarfélögunum. Eru tvö sveitarfélaganna hluti af Heilsueflandi samfélagi, verkefni á vegum Embættis landlæknis, sem auðvelt væri að útvíkka og gera markvissara fyrir stærra og öflugra sveitarfélag. Virk æskulýðsstefna er nýlega samþykkt hjá Fljótsdalshéraði og í vinnslu þar er einnig forvarnastefna. Á Seyðisfirði er samþykkt jafnréttisstefna, til endurskoðunar 2019. Slíkar stefnur er auðvelt að staðfæra fyrir nýtt sveitarfélag.

Í sameinuðu sveitarfélagi eru bættar samgöngur algjört lykilaðriði og á það við um þennan málaflokk eins og aðra. Það er megin áskorunin, en á meðan erfitt er að komast á milli byggðakjarna er hætt við því að erfitt verði að vinna af fullum krafti að því að gera sveitarfélagið raunverulega sameinað.

Framtíðaráskoranir í málaflokknum

Líklegt þykir að samþætting og samræming verði mikil áskorun. Eins og staðan er í dag er lítið framboð íþróttá- og tómstunda utan Fljótsdalshéraðs og möguleikar ekki þeir sömu. Þá má gera ráð fyrir því að í sameinuðu sveitarfélagi verði brottfall úr skipulögðu tómstundastarfi áfram áskorun, ekki síst þar sem erfitt er að halda úti starfi vegna fámennis, og því verðugt verkefni að berjast á móti.

Rekstrarkostnaður mannvirkja er mikill, í sameinuðu sveitarfélagi eru þrjár sundlaugar og fimm íþróttahús, sum þeirra í töluverðri viðhaldsþörf. Formgera þyrfti forgangsriðun á uppbyggingu og viðhaldi mannvirkja sem tengjast málaflokknum og skýra greinilega viðhalds- og fjárfestingaþörf.

Nauðsynlegt er að útfæra og samræma stuðning við þau íþróttafélög sem í sveitarfélögunum öllum starfa en í dag er stuðningur mjög mismunandi.

Ætla má að til að byrja með verði gerðar kröfur um sömu þjónustu alls staðar í sveitarfélaginu, t.d. hvað varðar aðstöðu og opnunartíma, en auðvelt ætti að vera að rökstyðja allar ákvarðanir m.v. þjónustuþörf á hverjum stað.

Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi

Í nýju sveitarfélagi þyrfti að móta skýra stefnu í tómsunda- og forvarnamálum, m.t.t. aðgengis fyrir alla og jöfnuðar, m.a. fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna. Þar þyrfti að koma til fagaðili, tómsundafræðingur, sem hefði yfirumsjón með faglegri stjórn frístunda- og félagsmiðstöðvastarfs. Samfelldur dagur, þar sem fléttað er saman faglegu frístundastarf, hreyfingu og öðrum tómsundum um leið og skóla lýkur og þar til hefðbundum vinnudegi er lokið, er sú framtíð sem stefna ætti að.

Tækifæri felast í meiri samgangi og samstarfi á milli skóla og félagsmiðstöðva til þess að auka á samkennd og einingu innan barna- og unglingshópsins, til að mynda með því að hittast reglulega á vegum félagsmiðstöðva, með því að halda sameiginlegan forvarnadag o.s.frv. Þar fléttast inn í akstursstyrkir sem þyrfti að stefna að fyrir forráðafólk þeirra barna sem þurfa eða kjósa að stunda sínar tómsundir utan síns byggðakjarna. Á það jafnt um íþróttastarf og t.a.m. unglingsstarf björgunarsveita.

Í nýju sveitarfélagi þarf að halda vel utan um málefni eldri borgara, sem sífellt verður stærri hópur. Öflugt tómsundastarf, aukin vakning á líkamsrækt og geðrækt fyrir eldri borgara. Auka þarf vitund um nauðsyn þess fyrir bæði einstaklingana sjálfa og sveitarfélagið að halda þessum hópi virkum sem lengst.

Sameinað sveitarfélag ætti að kappkosta að eiga samkeppnishæf íþróttamannvirki og að hægt sé að stunda flest allar íþróttir við góðar aðstæður.

Rétt er að þau íþróttafélög sem nú eru í sveitarfélögunum haldi sinni sérstöðu og séu áfram studd til góðra starfa. Þó verði reynt að vinna að samtali og samvinnu þar sem

hugsanlega væri hægt að samnýta þjálfara, styðja foreldra við ferðir á milli byggðakjarna á íþróttæfingar o.s.frv.

Hvað þarf að varast?

Ef samgöngur batna ekki ákaflega fljótlega verður ávinningur sameiningar lítill. Nú þegar er samvinna töluverð í málaflokknum, þó hún sé að mestu óformleg, og ekki ástæða til að ætla annað en að svo verði áfram án sameiningar. Það er þó ólíklegt að hún aukist ef ekki koma til bættari samgöngur.

Það þarf að varast það í lengstu lög að stærsta sveitarfélagið valti ekki yfir hin, að allir muni að um sameiningu sé að ræða en ekki yfirtaka.

Ein af áskorunum sameiningar er sú að koma í veg fyrir að skorið verði niður í starfsemi í nafni hagræðingar og á sama tíma sé haldið í séreinkenni hvers kjarna fyrir sig og þá þjónustu sem nú er til staðar. Þá er til staðar ótti við að miðstýring verði of mikil.

Hvað viljum við alls ekki missa?

Halda þarf sérkennum hvers staðar og félaga innan þeirra, m.a. því góða viðmóti samstarfs sem hefur einkennt félögin. Mjög vel hefur verið tekið á móti iðkendum á milli byggðakjarna hingað til og verður vonandi áfram.

Ekki er æskilegt að skerða þjónustu íþróttamannvirkja frá því sem nú er. Sníða þarf opnunartíma og gjaldskrár eftir aðstæðum og þörf í hverjum byggðakjarna, þó svo að sameining þýði það að hægt sé að samnýta alla aðstöðu innan sveitarfélags.

Standa þarf vörð um félagsheimili/menningarhús í hverju sveitarfélagi.